

Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna um brottveruleyfi. 73

Að gefnu tilefni finnur stjórnarráðið ástæðu til að brýna fyrir sýslumönnum landsins, að þeim er óheimilt að fara útúr lögsagnarumdæmum sínum, nema því að eins, að þeir áður en þeir fara að heiman, hafi fengið leyfi stjórnarráðsins til fararinnar, og skal það jafnframt tekið fram, að slíkt leyfi fæst eigi, nema þeir fái settan þann mann, sem stjórnarráðið telur til þess hæfan, til þess að gegna embættinu í fjarveru þeirra. 19. júní

**Brjef stjórnarráðsins til landlæknis um brottveruleyfi hjer- 74
aðslækna.**

Að gefnu tilefni skal stjórnarráðið leggja fyrir yður, herra landlæknir, að brýna fyrir hjeradslæknum landsins, að fara aldrei útúr hjeruðum sínum, eigi heldur þótt um örstuttan tíma sje að ræða, nema því að eins að þeir, áður en þeir fara að heiman, hafi fengið leyfi stjórnarráðsins til fararinnar og fengið settan í sinn stað mann til að gegna embættinu, er þjer takið gildan. 19. júní

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um aðflutningsgjald af svonefndum kakao-kúlum. 75

Útaf fyrirspurn yðar, herra bæjarfógeti, í brjefi, dagsettu 17. f. m., um það, hvort innheimta skuli toll af svonefndum kakao-kúlum («Kakaokugler»), skal yður hjermeð tjáð, að eftir rannsókn þeirri, er stjórnarráðið hefir látið framkvæma, verður að álíta kakao kúlur þessar brjóstsykur, og ber því að innheimta aðflutningsgjald af þeim, eins og af brjóstsykri. 6. júlí

**Brjef stjórnarráðsins til biskups um notkun prófasta og presta 76
à landssímunum í embættisparfir.**

Að gefnu tilefni skuluð þjer, háæruverðugi herra biskup, hjermeð umbeðinn að tjá próföstum landsins, að þeim því að eins sje heimilt, og þá jafnframt skylt, að nota landssímana í embættisparfir, að málið þoli ekki þá bið, er mundi leiða af venjulegri afgreiðslu þess með pósti, og landssjóði hefði borið, ef málið hefði verið afgreitt með pósti, að endurgjalda burðareyrinn samkvæmt þarum gildandi reglum. 7. júlí

Einnig skal það tekið fram, að prestar virðast alls ekki þurfa að nota landssímana í embættisparfir, nema þá ef alveg sjerstaklega stæði á, og skuluð þjer umbeðinn að tilkynna það einnig próföstum landsins til frekari birtingar fyrir prestunum.